

Reykjalundur endurhæfing ehf.

13. fundur stjórnar 12. október 2021 kl. 08.15-10.00 í fundarsalnum Grímansfelli á Reykjalundi.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar og undirritunar

Fundargerð 12. fundar stjórnar var lögð fram, samþykkt og undirrituð af stjórn.

2. Áætlun forstjóra og framkvæmdastjórnar um hallalausán rekstur – önnur umræða.

PM kynnti helstu áhersluatriði á fundi framkvæmdastjórnar þann 6. október s.l. með lykilstjórnendum um mikilvægi fjármála, fjárhagsstöðu Reykjalundar í dag og stöðuna framundan. Lykilstjórnendur eru þeir starfsmenn sem fara fyrir þeim rekstrareiningum sem tilgreindar eru á [skipuriti Reykjalundar endurhæfingar ehf.](#) Lykilstjórnendur munu taka þátt í áætlanagerð ársins 2022 ásamt því að hafa eftirlit með og ábyrgð á ásamt framkvæmdastjórum fjárhagsstöðu sinna rekstrareininga. Gert er ráð fyrir því að mönnunarmódelið fyrir meðferðarstarfið verði endurskoðað í áætlanagerð fyrir árið 2022 með það fyrir augum að ná rekstrarjöfnuði.

3. Fundur með formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra SÍBS um fjármál félagsins ASt/PM

ASt kynnti niðurstöður fundarins sem haldinn var 6. október 2021, en fyrir hönd Reykjalundar endurhæfingar ehf. sátu hún og PM fundinn. Fundurinn var gagnlegur og á góðum nótum en niðurstaða um stofnefnahagsreikning fyrir Reykjalund endurhæfingu ehf. er ekki í höfn ennþá og þ.a.l. er ekki hægt að tímasetja aðalfund félagsins að svo komnu máli.

4. Önnur mál.

- a. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf. verður haldinn fyrir n.k. áramót.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 9. nóvember.